

BJÖRGVIN ÞÓR BJÖRGVINSSON

FYRIRMYNDIR Í NÁMI FULLORÐINNA –
VERÐLAUNAHAFAR 2009

Björgvin Þór Björgvinsson

Á ársfundi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins árið 2009 hlutu þeir Sigtryggur Gíslason og Vilhjálmur Örn Halldórsson viðurkenningu fyrir að hafa skarað fram úr í námi fullorðinna á árinu 2009. Verðlaun þessi eru veitt einstaklingum sem hafa sýnt góðan námsárangur, frumkvæði og kjark auk þess að ná að yfirstíga ýmis konar hindranir í náminu eins og til dæmis námsörðugleika. Þessir þættir eiga svo sannarlega við verðlaunahafana árið 2009 sem báðir eru lesblindir.

Skólaganga þeirra Sigtryggs Gíslasonar og Vilhjálms Arnar Halldórssonar var þyrnum stráð þegar þeir voru ungir drengir í grunnskóla fyrir tæplega hálfri öld síðan. Glíman var erfið, hvort sem andstæðingurinn var lestrarbók, skólafélagar eða kennarar. Meginorsök námserfiðleika þeirra í grunnskóla má rekja til lestrarerfiðleika sem hafa fylgt þeim allt þeirra líf.

Það er umhugsunarefni af hverju ungum drengjum líður verr en stúlkum í grunnskóla líkt og rannsóknir hafa sýnt. Í dag eru margir ungir drengir í grunnskólunum okkar sem eru í svipuðum sporum og Sigtryggur og Vilhjálmur voru fyrir 50 árum. Þeir eiga í erfiðleikum með bókleg fög en eru þeim mun sterkari í verklegum greinum. Margir hafa haldið því

fram að of mikil áhersla sé lögð á bókleg fög í grunnskólum á Íslandi sem henti drengjum síður en stúlkum. Það er stórt stökk fyrir marga 6 ára drengi að koma úr leikskóla, þar sem leikur, útivera, val og frelsi spila stórt hlutverk, inn í skólaföngunum þar sem þeir þurfa að sitja við skólaborðið nánast allan daginn.

Þeir Sigtryggur og Vilhjálmur hættu báðir snemma í námi og fóru út á vinnumarkaðinn. Þar unnu þeir margvísleg störf í áratugi þar til leiðir þeirra lágu saman í raunfærnimati í húsasmíði sem Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY) hélt í samstarfi við IÐUNA fræðslusetur haustið 2008.

Þeir félagar fengu báðir rúmlega 60 einingar metnar í raunfærnimatinu sem var langt yfir meðaltali ársins, 38 einingum. Í kjölfarið fóru þeir á námskeiðin Aftur í nám og Skref til sjálfshjálpar hjá SÍMEY þar sem einstaklingum með



Frá vinstri: Halldór Grönvold formaður stjórnar FA, Sigtryggur Gíslason og Vilhjálmur Örn Halldórsson, fyrirmyndir í námi fullorðinna, og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri FA.

læsisvanda er hjálpað. Í dag stefna þeir báðir að sama markmiðinu, að klára sveinsprófið í húsasmíði.

Á ársfundi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sögðu þeir meðal annars frá þeim hremmingum sem þeir höfðu gengið í gegnum á skólagöngu unglingsáranna og var ekki laust við að fundarmenn kæmst við og að þeim vöknadi um augu við að hlýða á lýsingar þeirra.

Sigtryggur greindi frá því að kennarar hans hefðu ráðlagt honum að hætta í námi því hann væri einfaldlega heimskur. Skólinn hefði ekki tekið á lestrarerfiðleikum hans og því hefði hann ekki lokið grunnskóla. Hann sagði það vera átakanlegt að horfa upp á börnin sín fara sömu leið og jafnframt barnabörnin því skólinn hefði ekkert tekið sig á í dag. Sigtryggur sagði að lesblindunámið hefði fært sér mikið sjálfstraust.

Vilhjálmur nefndi að hann hefði alla tíð haft virkilega gaman af að stunda smíðar. Honum gekk vel í raunfærnimatinu og fékk þar starfsreynslu sína að stórum hluta metna. Því næst fór hann í frekara nám hjá SÍMEY þar sem hann fékk ómetanlegan stuðning. Í dag er hann ákveðinn að klára sveinsprófið í húsasmíði. Vilhjálmur segir að með lesblindunámskeiðinu hafi opnast fyrir sér nýr heimur því eftir það hafi hann getað lesið bók í fyrsta skipti og skilið hana að fullu.

SIGTRYGGUR GÍSLASON

Sigtryggur Gíslason er 56 ára gamall, á þrjú uppkomin börn og var að eigin sögn pindur í raunfærnimat. Hann var ekki ákveðinn í að halda áfram í námi eftir raunfærnimatið og klára sveinsprófið en undanfarið hefur sú hugsun þó farið að gera vart við sig að hugsanlega geti hann lokið við námið. Sigtryggur hefur sýslað margt um dagana, hann starfaði til dæmis sem bóndi um langa hríð og stundaði sjóinn í nokkur ár. Hann var 16 ára þegar hann byrjaði sem handlangari við byggingu seinni áfanga Þelamerkurskóla og hefur síðan unnið mikið við smíðar.

Hér eru taldar upp nokkrar þeirra námsleiða sem Sigtryggur hefur lokið hjá SÍMEY síðan 2008:



Sigtryggur Gíslason

- Raunfærnimat í húsasmíði (61 eining metin)
- Aftur í nám
- Skref til sjálfshjálpar
- Grunnám byggingaliða
- Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum

Á þessu ári hefur Sigtryggur unnið mikið með reikni- og lesblindu sína og stefnir hann á að hefja nám í VMA eftir áramótin.

VILHJÁLMMUR ÖRN HALLDÓRSSON

Vilhjálmur Örn Halldórsson er 59 ára gamall, giftur og þriggja barna faðir. Hann er lesblindur, náði aldrei almennilega tókum á lestri, átti alltaf erfitt uppdráttar í bóklegu námi og varð fyrir einelti. Á táningsaldri fluttist hann til Bandaríkjanna með foreldrum sínum og bjó þar í fimm ár. Þegar hann fluttist aftur heim til Íslands bauðst honum vinna sem handlangari og síðan hefur hann meira og minna unnið við smíðar. Hann á sér þann draum að á legsteini hans verði lettrað Vilhjálmur Örn Halldórsson smiður.

Hér að neðan má sjá hluta af þeim námsleiðum sem Vilhjálmur hefur lokið hjá SÍMEY síðan 2008:

- Raunfærnimat í húsasmíði (63 einingar metnar)
- Aftur í nám
- Skref til sjálfshjálpar
- Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum

Á þessu ári hefur Vilhjálmur náð góðum árangri með lesblindu sína sem og reikniblindu. Hann á aðeins ólokið þremur til fjórum faggreinum í húsasmíðanáminu og stefnir á að ljúka sveinsprófinu í vor frá VMA.



Vilhjálmur Örn Halldórsson